



Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 4.5 2017
Tilvísun: 201705-0005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja. 263 mál.

Samkvæmt 11. kafla samningsins áréttu samningsaðilar skyldur sínar til að virða, efla og framfylgja þeim meginreglum um grundvallarréttindi sem er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðs (ILO) um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og í áréttingu hennar sem Alþjóðavinnuáráðs samþykkti árið 1998 og yfirlýsingu ILO um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008.

ASÍ vekur athygli Alþingis á því að ILO) hefur gert og gerir alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Filippseyja á þeim samþykktum sem falla undir yfirlýsingu stofnunarinnar frá 1998.¹ Skv. þeirri yfirlýsingu eru aðildarríki ILO skuldbundin til að virða grundvallarsamþykktir stofnunarinnar um félagafrelsi (87 og 98), bann við nauðungarvinnu (29 og 105), afnám barnavinnu (138 og 182) og bann við mismunun (100 og 111).

Á árinu 2016 voru Filippseyjum sendar beinar fyrirspurnir um framkvæmd vegna samþykpta 87 (félagafrelsi) og 182 (afnám barnavinnu) auk þess sem sérstaklega var fjallað um brot ríkisins gegn samþykkt 87 í nefnd Alþjóðavinnuáráðsins það sama ár og ákvörðun þá tekin um að senda til landsins það sem kallað er „direct contacts mission“² en það er með þeim alvarlegustu skerfum sem ákveðin eru í framhaldi ítrekaðra og alvarlegra brota.

Þegar þetta er haft í huga og þau alvarlegu mannréttindabrot sem sem Amnesty International vekur athygli á í umsögn sinni, er ekki hægt að fagna því að fríverslun við Filippseyjar sé tekin upp án þess að tryggja með betri hætti en gert er, efndir á þeim skuldbindingum sem lúta að grundvallarréttindum frjálsrar verkalyðshreyfingar, launafólks og almennings. Ákvæði gr. 11.10 eru alls ófullnægjandi í þessu efni auk þess sem beinlínis er þar tekið fram að ágreiningi um efndir þess kafla er ekki hægt að vísa til gerðardóms skv. 13. kafla náist ekki sátt. Með þeim hætti eru mannréttindi sett til hliðar og viðskiptalegir hagsmunir settir þeim fram og í forgang. ASÍ mælir því ekki með samþykkt þessarar þingsályktunar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

¹ http://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:11110:0:NO:11110:P11110_COUNTRY_ID:102970

² http://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:13100:0:NO:13100:P13100_COMMENT_ID:3284584



Utanríkismálanefnd Alþingis
Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2017

Umsögn um þál.till. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja (þskj. 365, 263. mál á 146. löggj.þ.)

Vísað er til erindis skrifstofu Alþingis í dag, 3. maí 2017, þar sem utanríkismálanefnd sendi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, 263. mál.

Íslandsdeild Amnesty International er ekki mótfallin umræddum fríverslunarsamningi og leggst ekki gegn fyrirliggjandi stjórnartillögu um að Alþingi álykti að heimila ríkisstjórninni að fullgilda hann fyrir Íslands hönd.

Hins vegar gefur tillagan tilefni til að benda á að rannsóknir Amnesty International sýna að víðtæk mannréttindabrot eru framin af hálfu og í nafni stjórnvalda á Filippseyjum. Má í þessu sambandi einkum vísa til eftirtalinnna skýrslna samtakanna:

- Ársskýrsla Amnesty International 2016/7¹ þar sem meðal annars er fjallað um helstu mannréttindabrot sem stjórnvöld á Filippseyjum stunda nú:
 - Þegar í kjölfar þess að Rodrigo Roa Duterte tók við embætti forseta þann 30. júní 2016 hófu stjórnvöld á Filippseyjum ofbeldisfulla herferð gegn þeim sem grunaðir voru um brot gegn þarlanda eiturlyfjalöggjöf. Hefur þessi herferð leitt til dauða þúsunda borgara en meirihluti þeirra hefur verið skotin til bana á götum úti af óþekktum byssumönnum. Flestir hinna látnu voru ungir menn, grunaðir um að nota eða selja neysluskammta af eiturlyfjum. Þá hefur umrætt „stríð gegn eiturlyfjum“ að sögn leitt til þess að 800.000 manns hafi „gefið sig fram við yfirvöld“ af ótta við að þeir yrðu skotmörk í umræddri herferð. Hefur herferðin leitt til þess að fangelsi eru mörg hver yfirfull.
 - Manndráp á fréttafólki hafa haldið áfram og voru að minnsta kosti þrjú blaðamenn myrtir á nýliðnu ári. Enn hefur enginn verið ákærður í tengslum við mannrán og fjöldamorð á 32 fréttamönnum á árinu 2009.
 - Pyndingar og önnur ill meðferð á fólki í varðahaldi, auk óhóflegs ofbeldis af hálfu lögreglu, eru viðvarandi á Filippseyjum. Á nýliðnu ári féll á hinn bóginn í fyrsta sinn dómur yfir lögregluþjónum á grundvelli löggjafar frá árinu 2009 sem leggur refsingar við pyndingum.
- Framlag Amnesty International til reglulegu heildaryfirferðar mannréttindaráðs

¹ Amnesty International's Report 2016/17 The State of the World's Human Rights, útg. 22. febrúar 2017. Kafllann í skýrslunni um Filippseyjar má nálgast á heimasíðu samtakanna, á slóðinni <https://www.amnesty.org/en/countries/asia-and-the-pacific/philippines/report-philippines/>



Sameinuðu þjóðarinnar um ástand mannréttindamála á Filippseyjum (Universal Periodic Review 27 – UPR27)², sem mun fara fram nk. mánudag, 8. maí 2017. Í framlagi Amnesty er einkum vakin athygli á fyrrnefndum manndrápum án dóms eða laga sem stjórnvöld á Filippseyjum standa nú fyrir í nafni herferðar þeirra gegn eiturlyfjum. Þá hafi stjórnvöld á árinu 2012 lýst því yfir að þau myndu grípa til aðgerða til að stemma með lögum stigu við refsileysi vegna ofbeldisfullra mannshvarfa en enn hafi engar sakfellingar átt sér stað á grundvelli þeirrar löggjafar. Enn fremur er vakin athygli á víðtækum pyndingum og illri meðferð á fólki í nauðungarvist. Loks er í framlagi Amnesty meðal annars bent á slælega framkvæmd á úrbótum þarlendrar stjórnvalda til að tryggja konum jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu og aðgengi að getnaðarvörnum, auk þess að vara við afleiðingum af áformaðri lagasetningu um algert bann við fóstureyðingum. Vísu má sérstaklega til lýsinga á bls. 7-10 um ástand mannréttindamála á Filippseyjum í framangreindum málaflokkum.

- Loks má nefna nýja skýrslu um hin víðtæku manndráp í nafni herferðar stjórnvalda í Filippseyjum gegn eiturlyfjum³, en í skýrslunni er meðal annars fjallað um þau dráp sem eiga sér stað á grundvelli 'dauðalista' sem yfirvöld safna nöfnum á með því að ganga hús úr húsi; ýmis manndráp lögreglu af yfirlögðu ráði; auk morða sjálfskipaðra vígasveita í nafni herferðarinnar. Talið er að hópur myrtra telji nú þegar fleiri en 8.000 einstaklinga.

Að auki má benda á að í öldungadeild þjóðþings Filippseyja er nú til meðferðar frumvarp um að taka á ný upp dauðarefsingar, en sú refsing var aflögð þar í landi á árinu 2006. Frumvarpið hefur þegar verið afgreitt af fulltrúadeild þingsins og leitar Amnesty International nú leiða, ásamt öðrum mannréttindasamtökum og mörgum ríkisstjórna heims, til að þrýsta á Filippseyjar að láta af þessum áformum⁴.

Íslandsdeild Amnesty International skorar á íslensk stjórnvöld, þar á meðal á Alþingi og utanríkismálanefnd hennar, að nýta þau tækifæri sem þeim kunna að gefast til að vekja athygli á versnandi stöðu mannréttindamála á Filippseyjum, að hvetja þarlend stjórnvöld — þar á meðal í tengslum við umræddan fríverslunarsamning og framkvæmd hans — til að gera úrbætur í þeim málum og að leggja öðrum ríkjum lið við að setja slíkan þrýsting á stjórnvöld á Filippseyjum.

Það er eðlilegt að það komi í hlut frjálsra ríkja, þar sem mannréttindi njóta almennrar viðurkenningar, að vera í fararbroddi þeirra sem hvetja ríkisstjórnir sem ekki virða mannréttindi til að ráða á því bót.

Virðingarfyllt,

Hörður Helgi Helgason, formaður

² *Philippines – Amnesty International submission for the UN Universal Periodic Review: 27th Session of the UPR Working Group, April/May 2016*, útg. 1. september 2016, s. 3-4, sjá <https://www.amnesty.org/en/documents/asa35/5445/2016/en/>

³ *Philippines: "If you are poor, you are killed": Extrajudicial killings in the Philippines' "War on drugs"*, útg. 31. janúar 2017.

⁴ *Filippseyjar: Dauðarefsingin er ómannúðleg, ólögleg og gagnslaus leið til að berjast gegn fíkniefnum*, birt 9. mars 2017, sjá <https://www.amnesty.is/starfid-okkar/frettir/filippseyjar-daudarefsingin-er-omannudleg-ologleg-og-gagnslaus-leid-til-berjast-gegn-fikniefnum/>

Árni Davíðsson
Suðurbraut 1
200 Kópavogur

Kópavogur 15. mars 2017

Nefndasvið Alþingis

**Umsögn um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja
263. mál 146. löggjafarþings.**

Ég leggst eindregið gegn því að þessi tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja verði samþykkt á þessum tímapunkti.

Forseti Filippseyja stendur núna fyrir morðherferð gegn eigin þegnum sem að mati þeirra sem best þekkja til er glæpur gegn mannkyni eins og það er skilgreint í sáttmálum Sameinuðu þjóðanna.

Ísland væri að senda mjög skrýtin skilaboð til þessarar fjarlægu vinabjóðar ef við myndum samþykkja fríverslunarsamning við stjórnvöld á Filippseyjum meðan þau eru að fremja glæpi gegn mannkyninu. Utanríkisráðherra ætti að koma þeim skilaboðum til stjórnvalda á Filippseyjum að Íslendingar muni ekki samþykkja fríverslun meðan þetta ástand varir og jafnframt ættu utanríkisráðherra að mótmæla framferði morðsveita lögreglu og dauðasveita, sem er að undirlagi og fjármögnuð samkvæmt skipunum forseta Filippseyja.

Með vinsemd og virðingu



Árni Davíðsson

Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fráverzlunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, 263. mál.

Hinn 3. maí sendi utanríkismálanefnd Alþingis Félagi atvinnurekenda (FA) beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fráverzlunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, á þingskjali 365.


FA hvetur eindregið til þess að tillagan verði samþykkt og samningurinn fullgiltur. Ísland er lítið og opið hagkerfi, sem er mjög háð milliríkjavíðskiptum. Hagur íslenzks atvinnulífs er að milliríkjavíðskipti séu sem allra frjálsust og víðskiptahindranir sem fæstar. Íslenzkum stjórnvöldum ber, ýmist tvíhliða eða í samfloti við hin EFTA-ríkin að halda áfram að stækka og bæta net fráverzlunarsamninga við sem allra flest ríki heims.

Það er raunar svo að allir græða á fráverzlun og að unnið sé gegn einangrunarhyggju og verndarstefnu, ekki sízt almenningur í fátækari löndum heims. Auknum víðskiptum fylgja sömuleiðis aukin samskipti og fleiri tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands varðandi lýðræði og mannréttindi í ríkjum þar sem vantar upp á slíkt.

Fráverzlunarsamningurinn við Filippseyjar er líklegur til að efla víðskipti milli Íslands og Filippseyja, bæði innflutning og útflutning. Ýmis tækifæri felast í samningnum fyrir íslenzk fyrirtæki. Þá kveður samningurinn á um verklagsreglur við lausn deilumála sem upp kunna að koma í víðskiptum íslenzkra og filippseyskra fyrirtækja, hugverkavernd og fleiri atriði sem eru íslenzkum fyrirtækjum mikilvæg.

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við tillöguna og er jafnframt reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllt,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

3. maí 2017

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, 263. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja eindregið að tillagan hljóti samþykki Alþingis og að fríverslunarsamningurinn verði fullgiltur sem fyrst.

Fríverslunarsamningar eru mikilvægir til að tryggja hindranalausan aðgang vöru á gagnkvæma markaði. Með því batnar samkeppnisstaða atvinnulífsins og möguleikar til aukinna viðskipta milli ríkjanna skapast. Allir aðilar hafa hag af samningunum með betri nýtingu framleiðslutækja, vernd hugverka og því að ágreiningsmál sem upp kunna að koma eru leyst eftir ákveðnu ferli. Fríverslunarsamningar eru þess eðlis að bæta hag almennings í öllum samningsríkjum og vinna gegn einangrunarstefnu.

Mikilvægasti samningur Íslands á þessu sviði er EES – samningurinn. Flestir fríverslunarsamningar Íslands eru hluti af sameiginlegum samningum EFTA ríkjanna. Þessir samningar leggja grunn að alþjóðaviðskiptum íslenskra fyrirtækja auk þess sem virk þátttaka stjórnvalda í alþjóðlegu samstarfi eins og í OECD og WTO er mjög mikilvæg.

Eitt mikilvægasta hlutverk utanríkisþjónustunnar er að þróa og viðhalda þessum viðskiptasamningum og gera nýja. Það styrkir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og greiðir fyrir þátttöku fyrirtækja hér á landi í alþjóðlegum viðskiptum.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs.